

**Mál nr. 56/2002**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/sumarhúsatryggingar (vatnstjónstrygging)**

**Vatnstjón í sumarhúsi á tímabilinu ágúst 2001 til janúar 2002.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 06.03. 2002.
2. Greinargerð M, dags. 25.02. 2002, vegna málskotsins.
3. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 25.03. 2002, ásamt afriti af bréfi félagsins, dags. 04.02. 2002, tjónstilkynningu, dreifibréfi félagsins, dags. í janúar 2001, og afriti vátryggingaskilmála.
4. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 142/2002.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þá umfjöllun er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var mikið tjón á sumarhúsi M og innanstokksmunum þegar neysluvatnslögn fyrir heitt vatn brast. Tjónið uppgötvaðilst ekki fyrr en í janúar 2002 en þá hafði bústaðurinn verið mannlus í u.þ.b. 6 mánuði.

Niðurstaða skoðunarmanna félagsins var sú að vatnslögn hafði rifnað vegna frosts. Félagið telur að M hafi virt að vettugi varúðarreglu skilmála sem kveður á um að það sé skilyrði bótagreiðslu sem verður á tímabilinu 01.10. til 30.05. að lokað sé fyrir vatnsaðstreymi neysluvatnslagna (heitt og kalt vatn) og þær ásamt viðtengdum tækjum tæmdar. Félagið telur óumdeilt að ekki var lokað fyrir aðstreymi né kerfið tæmt meðan húsið var ekki í notkun. Félagið telur að rekja megi tjónið til þess að varúðarreglu skilmála hafi ekki verið fylgt. Það telur að orsakatengsl séu á milli tjónsins og vanrækslu M á því að gæta eðlilegrar varúðar og því beri að hafna greiðsluskyldu.

M telur að bótaskylda sé fyrir hendi. Hann telur ókunna ástæðuna fyrir því að umrædd lögn gaf sig svo og hvenær það hafi verið. Hann kveðst og ekki hafa fengið tilkynningu frá félaginu um þá varúðarreglu sem hér um ræðir.

**Álit.**

Miðað fyrirliggjandi gögn fékk vátryggður tilkynningu frá félaginu um að það hafi tekið upp umrædda varúðarreglu skilmála. Hún var því í gildi á tjónsdegi.

Með vísan til nefndrar varúðarreglu vátryggingaskilmála, um lokun fyrir vatnsaðstreymi, er bótaskylda ekki fyrir hendi í máli þessu. Vátryggður (M) vanrækti skyldu sína samkvæmt skilmálum og ósannað er að tjónið megi ekki rekja til þessa.

**Niðurstaða.**

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 9. apríl 2002

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.